

Forfatter: Magnússon, Arní

Titel: BREV TIL: Þorleifsson, Björn FRA: Magnússon, Arní (1705-03-31)

Citation: Magnússon, Arní : "BREV TIL: Þorleifsson, Björn FRA: Magnússon, Arní (1705-03-31)", i *Arne Magnussons private brevveksling*, Gyldendalske Boghandel Nordisk, s. 585.
Onlineudgave fra Danmarks Breve: <https://tekster.kb.dk/text/letters-001991699-000-shoot-L0019916990000653.pdf> (tilgået 27. juli 2024)

Anvendt udgave: Arne Magnussons private brevveksling

Ophavsret: Materialet er fri af ophavsret. Du kan kopiere, ændre, distribuere eller fremføre værket, også til kommercielle formål, uden at bede om tilladelse. Husk dog altid at kreditere ophavsmanden.

[Læs Public Domain-erklæringen](#)

ARNE MAGNUSSON TIL BISKOP [BJÖRN ÞORLEIFSSON]. Skalhollte þann 31. Martii anno Xi. 1705.

Trykt efter egh. orig, i AM. 450, folio; delvis afskrevet i Ny kgl. sral. 2062, 4to. Et og andet om forretninger, saga-litteratur og biskop Brynjulv Sveinssons litterære efterladenskaber. Bebrejder biskoppen mangel på oprigtighed, og at han slutter sig til lagmand Gottrup — har endnu ikke glemt hvad Hávamál indskærper om venskab, og udtaler sig truende. Biskoppens anmodning om at virke for, at en islandsk oversættelse af Norske lov bliver trykt, tilbagevises, og A. M. forbyder at lade trykke lagmændene Magnus Jonssons og Sig. Björnssons udkast til en islandsk lov, som han finder skadeligt; heller ikke altingsbøgerne bør trykkes. Kritiserer trykkeriets virksomhed: bortkasteisen af y i udgaven af Hallgrim Péturssons salmer og disses behandling, samt medtagelsen i denne udgave af salmerne af pastor Sigurd i Presthólar, hvis sprog gennemgås og stærkt dadles; mener at biskoppen uforsigtig har ladet sig tillægge en kongelig titel »landets fromme fader«. Bebrejder ham påny venskab med Gottrup og truer.

Veledla Veleruverduge Hr. Biskup Mikilsvirdande Broder,

Eg óska af alhuga ad þetta mitt sendibref meige finna minn brodur heilann á hófe og gladann med göfugum höfðings vardnade, þackande iafnframt firir allt audsynt ágiæte og margfallda vinsemd, einkum tilskrifed á sídasta Alþing sendt, sem og annad á næstlidna liauste af mier medteked. Ad eg af Alþinge eige svarade, ollu mínar occupationes, hveriar þar so iafnadarlegar s. 586voru, ad varia stunder fieck til ad heilsa godum vinum, miklu sidur til ad skrifa nockud, sem Monsieur Jon Einarsson mun hafa vitad ad fortelia. Nefndur Jon Einarsson leveradi mier þar á þingenu Þá peninga er á mille ockar voru, enn eg feck eigi stunder þad sama augnabliked upp ad leita Monfreres revers, og sidan gleymdist þad. Nu fylger þad hier med, med þacklæte firir góðann betaling, hver vel hefði mátt leingur bida, ef minum brodur so þoknast hefði. Sömuleidis þacka eg firir þann gamla grallara, og er Monfrere skyllidugur um bok þar firir einnhvertíma. Illa fór mier ad eckert sendi af þeim Sögubokum sem Madame þrudur Thorsteinsdotter tilmælltest, olli því mesta part þad ad þær voru ut og sudur i låne, ad frátekinne einni, er eg þar hafði, enn i annrike minu ei sandsadi ad afhenda Jone Einarssyne. Nu skal mier ad visu i sumar betur fara og skulu hið mier á Alþinge verda annadhvert allar eda flestar þær begiertu sögur, Eru þær innbundnar i Volumina distincta, hvar firir þær taka bisna rum med hia þeim er þær medtaka skyllidi, Kannske Monfrere verdi sialfur á þingenu, og er þá allt hægra vid ad eiga. Enn hvert sem verdur skulu sögurnar koma. Ecki hafði eg Mabels rimu x du betri enn eg hana sendi, og læt eg þad vera afsökun i því mále. Sturlunga Saga med hendi Biörns á Skardzá skal og á þinge vera Monfrere til afturskilunar, og gledur mig þad ad eg kost á eige, hana einn hvertíma ad eignast, hvernig sem betalingurenn verdur. Sömuleides skal á Alþing koma eitthvad af þeim dóma dröslum sem Monfrere hia mier á og átt hefur nockra stund i lánga låne. Hvert eg giet láted Kirialax Sögu þa þar verda til stadar, til þienustu Madame Elenar Þorlaksdóttur veit eg ei vist. Skule eg satt segia hafde eg gleymt því. Enn hefi þó anstalt giört sidan, um ad fá uppskrifada þessa Sögu sem hia mier er i bland annarra þvilikra i innbundnu Volumine. Komi hun ei á Alþing, þá skal hun þó ad visu sidar til verda. So þori eg nu þá ecki ad mælast til þess Voluminis sem Velnefnd Elen Þorl. dotter à, innelialldande Vemundar og Vigaskutu Sögu, Svarfdælu og af Vallnaliot, og skrifad {ef mig riett minner) med hendi Biörns á Skardzá. Villdi hun annars unna mier þess annadhvert til kaups edur láns, Þá mundi eg þad forskullda því eg giæti, og væri þá Monfrere vis til ad beina því á leid til Alþings. Mier er so sem i draume, ad hia Monfrere sie ad fá einhveria stutta relationem um Jon Halldorsson Skalholltz biskup. kanske utskrifada ur bók Monsr. Jons Þorlakssonar, eda og i bók nefnds Monsr. Jons, ef hun enn nu á Holum er. Sie þetta so sem mig til dreymer (sem og vera mun) s. 587þá bid eg Monfrere ad láta nefnda historiolum minna vegna uppskrifa, so riett og vel sem verdur. Enn nu er meira, sem og meira á rydur: Sr: Jon Torfason ad Breidabolstad, hefur firir laungu lied Sr. Þorde Sal. Oddzsyne kver i octavo skrifad med hendi Sr. Torfa Sal. i Bæ, hvar á vorn Copier af nockrum Latinskum brefum Mag. Bryniolfs. It. Oratio ejusdem ad Fridericum III. Þegar Sr. Jon heimte þetta qver aptur sagde Sr. Þordur sig ad hafa lied þad Monfrere, og stundum veik hann þessu hia sier. Nu hefur Sr. Jon lied mier qvered, og bid eg þar firir Monfrere ad so framt þad er i hans geymstu, hann þá vilie unna mier þess til yferskodunar, Og ef ecki, hann þá vilie summopere lata epter því inqvirera bædi i Sterbbue Sal. Sr. Þordar og annarstadar, ad eg þad, so framt skie kann, fá mætte. Paskareglurnar fylgia tandem hier med, hveriar eg feinged hefi af Hr. Justits Raad Römer. Um Arnors Hunasonar pretension þyker mier ráðlegt ad Monfrere giöri þá anstalt, ad pilturinn Sigurdur verdi skadlaus. Mier litst eigi stórt á ad adgiörder Sr. Biarna muni hönum verda til frambudar, enda á hann, satt ad seigia, eckert vid Sr. Biarna helldur alla heimtu ad Monfrere. Jþad Monfrere sidast i sinu brefi af dato Skarde 5. 7bris næstlidna, ávíkur, so sem munde hann af einhverium vid mig forlogenn vera, og þad ur Nordurumbode þar nyrðra, ef mier riett skiist, veit eg ecki hvernig af sier stendur. Kann eg og ecki öðru þar til ad svara enn því, Ad so sem Monfrere ecki rydur neitt ad, hvern þanka eg hafa kynni um lians affaires, so hefur og eingenn i þann veg vid mig um hann talad, ad þad mætti lygi reiknast, allra sidst nockur ur Nordur umbode. Enda er eg ecki so audtrua, þott nockur (sem hier þó einginn giört hefur) eitt hvad bevísningalaust segde uppá einnhvern, um vine vil eg ecki tala. Og þættist eg þar firer oriett lida, ef nockur villde ætla mier, ad eg være så vindhane, sem ecki þyrftte meir enn anda ad til ad styggiast vid menn, iafnvel þott eckert med skilum frammkjæme, sem þeir óþocknunar være fyrer verder. Eg hefi latist ætla ad conservera venskap vid ærlegt folk so leinge eg hefi þess kost átt, og ecki gefa neinum ininum kunningia orsök til ad fyrra bragde, ad bregda vid mig kunningskap; þar á mótt hefi eg alltid þottst, og þikest eiga skyllidu á þá, er eg falslaus vered hefe, ad þeir i sama máta syne mier einlægne án yfirdrepskapar edur undanbragda, Og giet eg þad ei firir venskap hallded, þott nockur låtest vera minn godur vinur i orde, enn i giördum sie mier á móte, so mikid

sem hönum er fært, eda hann kann umkominn vera. Þvi soddan vinskapur er i raun og sannleika so s. 588miklu verre enn opinber ovinskapur, sem hann blandar saman illsku og underferle, þar sem hatred ei med sier færer nema einunges illsku. Hier dettur mier i hug Flugumyrar prestastefna su i haust ed var, hverrar frekasta utrietting heyrest vered hafa underskrift vitnisburda lögmanssens Lauritz Christians sonar; Ecki er þad þar fyrer, ad eg hönum eda noekrum misunne sannleiks iatanar, þar á því rydur: helldur tek eg so sem til ad skygnast i, hvada opiniones menn firir nordan, sumer hverier, mune hafa um skarpleika vorn Sunnannmannanna, sem er, ad vær munum þá fyrst skilia hvad á ferdum er, þegar oss skiella höggenn i tönnunum, og ecki fyrr. So synest mier helldur enn ecki mannamunur giördur, ef þad er satt ad vicelögmannenum hafe fyrer nockru erfidt veitt ad fá vitnisburd um samtal sitt og Lauritz lögmans hid fyrra áred á Alþinge, enn nu til ad giefa lögmanne þarfleysu attest voru noger promotores et operæ. hitt kiemur eigi mier vid ad prestar ur fiarlægum sveitum dragest i önnur herud til þessarra ólögmætra adferda, þad er gott nóg firir þá sem vilia hlyda þeim, er låta sig bruka til procuratores i soddann efnun. Um þad einasta mætte eg frædash: hvada landsens gagn og besta mun þad vera, sem þesser testantes meina ad lögmadurenn mune so vel procurera utanlandz? Eg vil gieta i vonernar: þad, ad insultera Amtmannenum, ef skie kann, og stíga á hals ockur vicelögmannenum og Jónne Magnussyne. Þvi annad liggur nu eigi so brynt firir, hvad lögmadurenn mune til Danmerkur villad hafa, nema ef vera kann um ad fá utsiglingartoll sinn þess stærre, ef landinu kann þar med nockud hialpad vera. Eg villde þier goder menn vissud, i hvada gillde slik obeþeinkt document eru hiá oss i Danmörk, og hvada reputation menn leggja sier inn med þeim, þier mundud spara tillögur ydrar, persvasiones, Supercilia, tima, kostnad, blek og pappir. I minum uppvexti lærði eg Havamål, og hefi eg þessu enn nu þar ur behallded: vin sinum skal maþr vinr vera þeim oc þess vin etc. sidann hefi eg lesed: amicitiam violari, Si quis cum hostibus amici Se conjungat. Enn eg kann trua, þad giörer hver sem girner. Hvad sem nu hier um kynni vera ad seigia, þá true eg ecki ad þesser vitnesburder, mune daudrota oss, Og fleiri adhærentes munu menn Jmrfá ad conscribera firir lögmann Gottrup, adur enn vær i kyrd liggium under íl hönum. Um mig er þad sier i lage ad seigia, ad skyllde eg (sem þó kannskie eigi verdr) fyrer tilstille landzmannna minna (hverium eg epter skylldu godz eins ann, og epter eingu ödru stunda enn þeirra gagne) rida til ófallz, þá er eigi örvænt ad eg mundi gripa til handleggs. s. 589þeim er best væri fang á, til ad låta hann annadhvert hallda mier fra flugenu, eda hrapa medur mier, Er og eigi ovíst, ad einhver yrde sá nærstaddur, sem so hefdi átaksgodar ermar, ad handfesti tæke, hvad eg seige, so sem half kunnugur klæda snide sumra geistlegra firir Nordan. Hier um vil eg nu ad sinne ecki meira skrifa. I post Scripto á sinu brefi af 5. 7br-s óskar Monfrere af mier, ad eg því til leidar kome, ad su nya Norska lögbok mætte næsta ár i Islensku þryckias hier i lande. Eg spyr: hver á ad leggja hana ut i Islensku, og til hvers á hun ad þiena þá prentud er? Ecki vil eg smíða mier, ad Monfreres þanke sie, ad hun skyllde verda skipud hier firir lög in iisdem terminis sem hun er af þeim háloflega konge utgiefin. Þvi ófadh sier hann, ad hverki accorderar hun, i vissum greinum, vid lands þessa háttalag, ecki helldur mundi hun liettbær verda, ef sekternar allar hielldi sier. So vantar og i hana margt þad, er naudsynlega munde standa verda i Islenskre lögbók, firir utan margt annad, sem hier kynne um ad segiast. Eg tek mig aptur hier um, og læt mig nu ranka til, ad þad sem Monfrere kallar þá nyu Norsku lögbok i Islensku, mun eiga ad vera þad Islenskra laga Concept sem lögmenn Sal. Magnus Jonsson og Sigurdr Biörnsson samantoku, og Monfrere hefer Copie af. Ef eg giet þessa riett, þá vil eg iafnframt skiemta mier vid monfrere, og låta þad ásannast ad hverigur ockur(!) á börn, því eingenn þeirra sem nockra Sobolem eiga, eda curam posteritatis hafa (partiska fratek eg eda þá sem líted skynia) munde epter beidast ad þad Concept yrde Islandz lög. Eg firir mína personu seige af alvöru, Gud láte ei þá villu yfer mitt koma, ad eg auki því á allar adrar minar illgiörder mótt hönum, ad ad eg visvítande leide þá ogjáefu yfer mitt födurland, ad so male sanum og perfunctoriè congestum opus, af minne tilstille yrde skipad hier firir lög, mörgum ófæddum og meinlausum manneskium til áþiánar. Hitt skal vera: komist eg lifande til Danmerkur, þá skal eg næst gudz hialp syna, hversu orímelega sumt sett er i sögdu Concepte, og i bland so, ad varla væri um ad efast, ad þeir sem þad giört hafa, hafe betur vitad. So vil eg nu af alvöru og Candidè Monfrere advaradann hafa, ad hann firir eingar persvasiones, promissiones, præmia, láte sig yfertala til ad þryckia sagt Concept, gáande ad þeim truskapseid er hann konge giört hefur, og athugande iafnframt Jura Majestatis sem eingum eiga ókunnig ad vera. Skyllde þetta mitt velmeint ráð ecke koma i consideration, þá seige eg Monfrere firir framm, ad eg ecki þori þar yfir ad þeigia, helldur mun þad sama konginum notificera med öllum sinum kringumstædum, og er eg s. 590þá uggandi um, ad einrædi orki idranar. So sie eg og aungva verdung til, ad Alþings bæurnar verdi þryktar, og eigi skyllde eg þad giöra ef eg riedi firir prentsmidunne, er þad mála sannast, ad þær hafa nu i nockur ár vered so alits, ad þad er landinu litill heidur ad exemplaria þar af multiplicerest, nema ef menn villdi þiena þar med Satyricis, so þess fleire giæti criticerad yfir riettsyne lögmanna, hvad mig mætti endilega gillda álíka. þó er þad hvergi i verölldu ad þvilík þingsacta prentest, og þore eg þó ad seigia, ad þau munu vídash iafnskynsamleg vera, sem mikill partur af þeim er hier i lande hafa þrykt vered. Eg þykist sia firir framm mier muni opponerad verda, ad þetta sie ei nytt, menn hafi tveggia ára þingbækur til forna þryktar. Eg iata þad satt: Enn þad er so margt sem giört hefur vered, ad þad er ei þar firir betra. Þad er virdulegt firir prentsmidiu ad þar ut ur komi godar uppbyggelegar bækur, enn ei þvilikar flestum mönnum onytsamlegar chartæ, qvarum editio typografiæ præfectis vituperia magis quam honorem afferunt. Veit eg ad Sigurdr Biörnssyni lögmanne mun ei þetta synast sem mier, So kann og vera ad Monfrere þyke hans ratiocinia (vel si mavis opiniones) sterkere enn þad eg hier um seige. So kann eg þá trua, ad mier má vera þad stridlaust, alleinasta hefi eg giört þad einn ærlegur madur á ad giöra, sagt þad mier og flestum, sem eg hefi vid talad, þiker sannlegast vera. Sömuleidis eru marger ecke öldungis fornægder med þá sídustu edition Hallgrims Psalma og Hugvekiu Psalma Sr. Sigurdar, sem eg þikest vita ad adrer Monfreres goder viner mune hönum firir laungu notificerad hafa. Ut ur þeim judiciis, er eg þar um heyrt hefi, tok eg

mier firir, einn dag i vetur, ad hlaupa i giegnum þessa sömu bok: Sie eg þad er fleira enn eitt sem einn hótfyndinn giæte þar ástunged. Þad almennelegasta er, ad i allre bokinne er eckert y. hvad ed synest studio giørt; og hafa menn ecki adgiætt hversu þvilík reformatio deformatio tungumaled, þar, uppa þann máta, verdur eitt og sama ordi: fyrr (prius) og firr (remotius). bidr (petit) bydr (imperat). Skytr (iaculat) Skitr (cacat). Yta (propellere). ita (viro) og sexcenta ejus modi. So er og literatura yfer allt óvöndud, sumstadar ölldungis oriet: so sem: Stædstur, pro stærstur. þær citatiur er in margine Hallgrims Psalma standa, ætla eg hefði, nockrar, vel mátt vera burtu; því vist er þad ad Hallgrimur hefur alldri þau loca Scripturæ i höfði haft, sem þar i bland tilvendest. sum koma og (ad minne hyggiu) ölldungis eckert vid Hallgrims Sensus. hvar firir einn misviliadr snart kynne fá occasion til ad seigia ad þessar citationes være meir til ad syna hversu kostgiæfelega s. 591 editores hefði lesed Bibliuna, enn til ad dilucidera Hallgrims skaldskap. Þær umbreitingar er giördar eru i Hallgrims Psalmum þætti mier olíðande ef eg være af nidium eda naungum Sr. Hallgrims. Eg vil ecki fá mier til orða, hvert Judæ peccatum hafe vered contra Spiritum Sanctum, (þvi þar um kynni vel málhvatur madur ad munnhöggvast langann tíma, hveria opinionem sem hann tæke ad forsvara): Hitt er víst, ad einginn mun til helvítes fara, þolt þad hielldi so ad hafa vered, Eru og vel fleire enn Hallgrimur, sem þad hafa statuerad, og castrera menn þar firir ecki bækur þeirra þaa þær de novo ederast, sem og aungum leyfist ad giöra nema errores ryde á so miklu ad þar vid sie ad óttast gudz stygd edur nidurbrot godra sida, sem hier er lángt frá. Og hefði menn nu endilega viliad skafa þetta burt, um Judæ synd á mót helgum anda, þá hefði þesse reformatio uppa allann annann máta kunnad ad skie laglegar enn giört er. því þar sem Hallgrimur sagde sína meining, er nu i stadenn þess innkomin lokleysa sem aungvann Sensus hefur: Sal og líf setti i vanda, Synd á mot helgum anda helld eg þar (hier þo ei ouf.l.) hafi skied. Nema þetta ætti ad vera refutatio alicuius, qvi ita judicasset, sem ecki kann ad vera, væri og satis ineptum, hoc unico loco. So er þá absurditas connexionis audsien, og kiemur eins vel vid præmissa Hallgrims, sem ef i stadinn hefði sett vered: Sal og líf setti i vanda, selium þott höfud banda, hier hafi ei skadi skied. ɔ: þott Judas hafi ei syndgad á mót óta bodorde: Nær hefði vered ad taka burt alla þessa Sententiam og slutta versed med þessu eda þvilíku: Sal og líf setti i vanda; send oss, O gud, þinn anda, so fordumst hvad hier er skied. Su önnur umbreyting: af (med ovf l.) i llum diöflum lyda má, er, ad vísu, betur tilfundinn, lyter og ei so miög opus Hallgrims, sem hin fyrr áminnsta. Samt munu flester hallda hana ónaudsynlega, því meira vardar um ad fordast helvite, enn ad criticera um, med hvert slag gud mune lata þá fordæmdu þínast. Audsied er og, ad gratia og emphasis Hallgrims er hier med burt teken, hvers concept er: ad þad sem endurlausnarenn leid hier, Um nætur tíma af mönnum. þad mune fordæmder Af diöflum líða verda um eylifd. því hefði nær vered, ad mínum þotta, ad notera hier in margine ad i þessarri meiningu Hallgrims væri þad ad remarquera, eda þad, helldr enn ad taka sier þann myndugleika yfir opere eins þiod-skaldz, frammar enn nockur editor plagar ad giöra in alieno opere. Og eg spyr: Fyrst þesse reformatio var so naudsynleg i Hallgrims Psalmum hoc loco, og þetta hans Af diöflum matti eigi standa, hvad hlifde þá Sr. Sigurdi i Prestholum? i hvers s. 59250ta Psalme vers. 2. stendur enn nu óraskad: Brennebödlar þreytast ei þar (sc: i Helvíte). hvert þad, ad hann var Nordlenskur, eda ad menn gádu eigi ad þessu, eda og ad Gerhardus sialfur hefur eins til ordz tekid i originalnum, hvad mier hefði þott mátt noglega afsaka Hallgrim: sic duo cum faciunt idem, non est idem. Um Psalma Sr. Sigurdar i Prestholum er þad minn þanke, ad þeir aungvann veigenn forþienudu ad vera i sama bande med Hallgrims Psalmum. því so sem margnefnder Passiu Psalmar Sr. Hallgrims eru fremur flestum eda öllum saungliodum i Europæ Nyrdra parte (eg meina so mörgum i einne Collectione) so kunna aller hagamællter menn (um skald vil eg ecki tala) ad síá, ad mikill þore Psalma Sr. Sigurdr er leirkast og ósmíde, hellst þegar á þá sæker, iafnvel þott þar inne og finnest þau vers mörg, sem fallega eru qvedin. Um efnd þar í vil eg ecki margt tala, þó er hægt ad síá, ef nockur vill bera þá saman vid sialfar Gerhardi Hugvekiur, ad i þeim eru optlega ur lage færð verba Gerhardi, Undanfellt á stundum þad sem árydur, og innflickadur þvættingur þess á mille, sem eckert á skillt vid Gerhardum. þetta vil eg, sem sagt er, ecki fá mier til margyrda. Enn um dictionem nefndz Sr. Sigurdar vil eg leyfa mier nockru fleira ad ræða, og vil eg þó ecki taka nema þad sem er extantissimum. því ad mörgu mætti finna, hver sem villde til þess hafa sig og begiere eg ecki þá bestilling, helldur excusera giarnann þad sem excuserad verdur. Fyrst eru i nefndum Hugvekiu Psalmum þau bögumæli, sem eingum kiæmi til hugar i almenningstale ad hafa epter, so sem Bloss pro blossa Ps. II. vers. 4. öndu pro önd (accusat.) Ps. XXVI. v. 3. Dirdu pro dyrd (dativ.) Ps. XLV. v. 4. Scilicet poetam hefur alika gillt hvad hann segde, þegar þad væri samstædt, meinandi ad einginn mundi þar epter þora eda kunna ad skygnast. Og ef þad frammtak nu væri i einhverium, þá mundi þad nóg, ad hann (Sr. Sigurdr) hefði þad eda þad sagt, Item þad væri þo prentad og approberad af bestu mönnum. I annann máta eru hier ordleysur sem eckert eiga skillt vid Islensk(!) mál, so sem hoop pro traust Ps. VI. v. 1. Ps. VIII. v. 10. tilflukt pro athvarf Ps. VIII. v. 5. Ps. XXV. v. 1. fatast pro vanta Ps. XII. v. 10. Gietura pro mater Ps. XXIX. v. 8. (qvale, qvæso, idioma?) ad brasta epter, pro desiderare Ps. XXXV. v. 2. Sama per, pro: eadem conditio Ps. XXXIX. v. 2 (vilissima vocula). Sumtidis, pro þess á milli, Ps. XL. v. 1. blessunar salle Ps. XLI. v. 9. (quid significet ignoro) Her himins liknar sig saman, pro convolutur (ni fallor, neque non satis vocem intelligere possum) Ps. XLV. v. 4. Hue referri possunt: s. 593ad numa Ps. XV. 4. XLII. 3. XXIX. 7. af Utero XXXVIII. 4. Geise pro akefd, ut puto, Ps. XLI. 2. Ovina umfall Ps. XLII. v. 4. pro fall þad er eg hefi ad vænta mier af tilstille ovina minna. Veit eg, ad sumt af þessu yrði á nockurn hátt med vefium afbatad, so þeir, helldur enn ecki, fornægder yrde sem lited eda ecke skillia af elegantiâ lingvæ nostræ. Enn eg villde, ef nockurs rád ælte, ad þeir qvædi ecki sem ei eru leingra komner in Scientia poetices eda máls þess er þeir ætla i ad qveda, enn so, ad þeir verda ad bretta ordinn upp i endann, og aflaga málfæred, til þess ad gieta þar inne i samstædum bundet sína conceptus. Meira er enn nu epter: Ununar ardr stendur Ps. IX. 4. hna skeyti (ineptum epithetum) Ps. XIX. 8. hnár hiti, pro mikill Ps. XLIX. 2. Samvitskan níst Ps. XXXIII. 2. Sorgar gallar, pro hrygd, Ps. XLI. 7. hörpur sláande Ps. XLIII. v. 9.

mun eiga að skiliast: hörpur sem slást, annars er meir proprium að leika á hörpu enn slá, iafnvel þótt hörpusluttur sie til, Item að slá langspil heite, að leika það, með fingrum edur fiödurstafr. að grafa vinþrugu þu torcular construere. Ps. XXIII. 4. ineptè admodum. þu, gud, munt miera eimya Ps XLV. 6. indignè, in re tam magnà. Mya er, að amast við einum, inter pares vel ferè, ni fallor. Fleira nenne eg ei að annotera, so vítt voces nudas ahrærer. Hvat Syntaxi vidvíkur, þá er hun einu accuratior sumstadar enn hitt var. gnæfer allt, 3: yfir allt: stendur Ps VIII. 5. et simile XLVII. 2. gnæfer girnd vors hiarta, pro yfirgeingur. Ps. XLVII. vers. 3. gnæfer simplicitè pro eminent XV. 7. XXXVII. 5. Fara þurda pro minui Ps. XV. v. 2. Að gíefa litillætisgaum pro astunda litillæti Ps. XXXVIII. vers. 1. Umferdarreisu hefur hier hæped þó næturtafenn Ps. XXXVIII. 1. Fá lífsstund pro faar stunder Ps. XXVIII. v. 1. insveta admodum locutio est. Vidar er Syntaxis í þann máta raung, enn hvergi þó aflagalegre enn Psalmo II. v. 12. Psalmo XI. versu 1. Um ineptas locutiones, sem í þessum Psalmum finnast, vil eg ecki fiölyrda, þó eru þær ecki allfáar, so sem: Einn murveggur því orka má að óviner síst í höllu (höll atti það að heita in accusativo) ná. hier hefur Sr. Sigurdur ætlad til að höllin skyldi standa við tungardenn. Í Psalmo XXXVII. versu 4. styngur refurinn með halanum. Psalmo XLI. 8. Riodur af ofurpin, hann bar og hvítann mialla, því hrakning etc er ineptissimè til ordz tekid, og contra mentem authoris. Margt er fleira þessu iafnvægt edur nærri, Sed id nunc non agimus. Enn hvað er það sem stendur Psalmo XLIX. versu 4. að í Helvíte sie eingenn góð von á heilsubrest? Eg meina að vísu sie þar að s. 594vona epter þeim stærsta heilsubrest. þetta og annað þvílíkt meina eg nu, heildur hefdi þurft limam enn þau fyrrnefndu tvö loca í Hallgrims Psalmum, Og gíet eg ei síed hvar í það bestendur, að þesse góde Sr. Sigurdur skule meritera comparation með Horatio (sem eg þó sie að Monsr. Jon Einarson hefur lated sier fara um munn) því ecki munu bögunæle eda rangar Syntaxeis vocom finnast í Horatio, eins og í þessa Skalldz verka, Errata Marginaliorum so sem annoterad er sídast í bokinni, gíet eg til misprentad sie, Secundum analogiam munde það heita eiga: Marginalium. Sed hæc nullius sunt momenti, Saltem heic annotata, ut candorem meum ostendam. Í Monfreres eigin formalum hefi eg hellst lited til þeirra þriggia orda: munnhörpu stycke, munnstyckes harpa og munnhörpu blístur. Eru þessar þriar glósur líslendskar? Eg meina nei, og munu þær þá vera ur Dönsku lánadar. Sie það so, þá veit eg óglögt hvert þær eiginlega koma við þessa materiam. Því munnharpa (í Danmörk) heiter litilförlégt instrument, giört af litium iarnsteine, hvert smádrenger festa á mille tanna sier, og sveigia so endann þann sem utstendur, so þar hrikter í nockud, álíka og þegar hliódlítel madkafluga karrar og heildur uppe á mille. Enn hier á rydur, kannske, lited, og giöre eg miera þetta til gamans við Monfrere, fyrst eg þó, á annað bord, er setstur á þennann skrafstól. Framar þyker miera iskyggelegur Psalmur Sr. Magnusar Illugasonar (í Husavík) sem prentadur er bakvið þanka Sr. Hallgrims, í því, að hann kallar biskupana þá frámu landsens fedur Eg veit og iáta, að þær personur, sem gud og kongur hafa so hátt sett, kirkiunni til stiornar og yfirráða, eiga so vel í ordum sem giördum í heidri að hafast, og ecke án virdingartitla að mentionnerast publicè, þar so ástendst. Annars man eg mig hvergi þann biskups titel (frome landsens fader) lesed hafa, nema hvað Sr. Sigurdur í Prestholum í Psalme einum aptan við sína Hugvekiu Psalma prentada á Holum 1652. kallar Sal: Hr. Þorlak landsens födur, Og setur það, í mínum þanka, aungva reglu. Hia oss í Danmörk þorum vær ecki nie vilium neinum þann titel tilleggia, nema konginum einum: Og uppa það Monfrere ecki meina, hier under bue eitt hvað annað, og sie eigi so sem eg nu seige, þá finnur Hann í þeirre bæni, sem almennelega verður lesen af öllum predikunar stólum í badum vors kongs rikium bænadag þann er heildst 4. a friadag epter Páska: Haf, o gud, altid et vaaget öje over landets fromme fader, Din Salvede, Voris allernaadigste arvekonge og Herre. Í bókum almennelega fá eigi aller Principes þennann Patris Patriæ Titulum, s. 595heildur þeir sem framar öðrum hafa góder vered, so sem: Augustus. Trajanus, og adrer þvílíker; eda sosem vorer Danmerkukongar, af hverium, nu, nærri í 200 ár, einn hefur vered öðrum betri (ef eg má giöra mig so diarfann, að raisonnera hier yfer). þesser, seige eg, kallast með riettu Landsens fedur, enn ei biskupar, so miked eg enn nu síed hefi, Lærefedur landsens være, í mínum þanka nockru nær, og munde þó, kannskie nógu stort þikia hiá oss í Danmörk, ef hver biskup villdi sig so kalla láta. Ugger mig nockud, að, ef þetta af illgiörnum interprete frammbored være í Danmörk, það ecki mundi fá þar af öllum so favorable alit. Og iafnvel þótt presturinn, af óframmsyne eda ókunnugleika (adulandi studium vil eg ecki drotta að okunnugum manne miera) hefdi nu þetta so sett, þá ætla eg það munde verda hallded síalfsagt, að Monfrere (so sem custos typographiæ et censor imprimendorum) hefdi átt að láta því umbreita. Að vísu er eg so lítelsigldur, og voga so lítéd uppá luckuna edur þögn annarra, að eg villdi ei þetta hefdi undan mínum handariadre prentad komed, þótt einn villde gíefa miera peninga þar firir, sem eg þó veit að Monfrere hefur það lated kauplaust þryckia. Ecki er þetta af miera skrifad í þeirre meiningu, so sem eg hier firir ætle nockurs bagamadur að verda, þótt kynne, sem ecki er enn þá víst, heildur skiedur það til þess, ef Monfrere þiker það meritera reflexion, að menn þá sæe sig heildur fyrer í annað sinn, í vidlikum sökum. þó vil eg eige það dissimulera, að ecki villdi eg að lögmadr Gottrup visse þvílík missmíde á giördum mínum, ecki heildur Monfrere (ut omnia effundam) meðan yckar vinskapur er so fastur, sem miera skilst hann í haust vered hafe, og, að líkindum, enn nu er. Þetta munu Monfrere þikia stóryrde, enn eg vil, ef eg má, hafa það kalladann candorem. það er ecki mín lund, að simulera og dissimulera alla hlute, látast vera Neutral á stundum, enn veita so að vörmu spore motgáng í því eg giæte eda þyrde, heildur vil eg annadhvert vera hrár eda sodinn, so vel í því að seigia mína meiningu, etiam justé exostulando cum amicis, sem í öðru. Og su umgeingne mun flestum hreinlyndum mönnum þægust vera. Hier skal nu ende verda á þessum discours, kann öckur til hans laged verda frammar, ef Monfrere til Alþingis kiemur, hvar eg þá fæ þá æru, að tala við hann. I midlertid óska eg Monfrere, af einlægu þele, allra heilla, lucku og velgeingne, tilleggiande mína þienustusamlega aludar heilsan til Madame, Monfreres Vel Edla kiærustu, með ástarþacklæte firir veittar velgiörder, og frammbode s. 596mínnar falslausrar þienustu, þar henne til vilia vera megna. Í det öfrige er eg og forblif

Magnússon, Arní , *Arne Magnussons private brevveksling*,

VelEdla Velehruverduge Hr. Biskup Mins Mikilsvirdande

Brodur þienustuskyldugur þienare
Arne Magnusson.